

Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum

Skýrsla 7 (13. og 14. kennslustund)

Vogaskóli, 7. október 2008

Sigurbjörg Hallgrímsdóttir og Unnur Gunnarsdóttir umsjónarkennarar 4. S.U.

Héldum áfram að búa til landnámsskála landnámsmannsins og einbýlishús nútímamannsins.

Í þessum tíma ræddum við um efnivið húsanna. Hvað möguleika landnámsmenn höfðu og hvað möguleika nútímamaðurinn hefur. Flestir voru sammála að möguleikar nútímamannsins væru allt of margir.

Börnunum fannst auðveldara að búa til landnámsskálann, sem er merkilegt þar sem að þau þekkja ekki byggingarstílinn nema af mynd. Þau voru öll sammála að lífið hafi verið einfalt, landnámsfólkið notaði það sem var í boði og þurfti ekki að vera að vesenast í búðum!

Nútímamaðurinn hefur svo marga möguleika og svakalegar margar verslanir til að velja úr. Hann þarf að hugsa um liti, efni, húsgögn, stærðir, kostnað og stíl. Þetta var börnunum flókið og var meira þrasað og rökrætt um innbú nútímamannsins heldur en landnámsskálann.

Börnin ræddu einnig um litaval nútímamannsins. Hvers vegna eru mörg stelpuherbergi bleik? Finnst strákum ekki bleikt líka flott? Finnst stelpum svört herbergi flott? Af hverju eru herbergi fullorðinna alltaf ljós? Hver ræður? Er það *Innlit og útlit* eða smekkur fólks?

Börnin voru sammála um að fólk ætti að velja liti eftir því hvernig því líður með litinn, ekki hvort hann sé stráka eða stelpu!

Landnámsmaðurinn var heppinn, allt var svo einfalt. Engin málning, bara spítur gras og rekaviður!



Umræðupunktur frá börnunm:

- Af hverju eru sumir litir „stelpulitir“ eða „strákalitir“?
- Hvað ræður litavali?
- Fólk á að velja liti í herbergið sitt eftir því hvernig liturinn lætur þeim líða
- Allir eiga að velja eftir smekk
- Bleikt er bara litur!
- Blátt er bara litur!
- Allt einfaldara hjá landnámsmanninum!
- Landnámskarlinn stjórnaði öllu í sínum skála
- Fjölskyldan ræður saman í sínu nútímahúsi

